

Áherslur og þarfir þjóðfræðinnar.

(sem falla ekki alltaf að APA heimildakerfinu)
Uppfært 2022 með tilliti til 7. útgáfu APA.

- Í þjóðfræði er ætlast til að tilvísanir í texta innihaldi blaðsíðutal heimildar.
Tilvísanir í texta á eftir tilvitnun: (Höfundur, ártal, bls.)
Dæmi: (Löfgren, 2014, bls. 78) eða (Löfgren, 2014: 78).
- Greinarheiti eru afmörkuð með gæsalöppum í texta en ekki skáletruð. Í heimildaskrá eru ekki notaðar gæsalappir.
Dæmi í texta: „Emotion, Space and Society“.
- Bókarheiti, nöfn tímarita og söguheiti eru skáletruð.
Dæmi: *Living Folklore*.

APA

***Útgáfur fornrita og eddukvæða:**

Fornrit eru mikil ólíkindatöl, og mjög fjölbreytilegt hvernig þau koma út í heimildaskrá og tilvísunum eftir því hvort að um er að ræða tilvísun í ritið sjálft, tilvísun í inngangskafli eða skýringar og túlkanir útgefenda, hvort fornritið hafi höfund eða ekki og fleira. Þau fara sérstaklega illa í APA-kerfinu. Takið eftir því að oftast er talað um útgefendur á titilsíðum (eða aðila sem „búa til prentunar“) en ekki ritstjóra þegar um er að ræða útgáfu á gömlum textum en ekki ritum með greinaköflum fræðimanna samtímans og fer því best að tala um útgefendur en ekki ritstjóra í tilvísunum og heimildaskrá.

Tilvísun (ef vitnað er í ritstjóra/ útgefendur):

(Ritstjóri/ útgefandi, ár, bls.).

Dæmi:

(Gísli Sigurðsson, 1998, bls. 7).

Ath. skýringar Gísla Sigurðssonar eru ekki í sérstökum kafla heldur innan um meginmál Völuspár. Ef fram kemur í texta ritgerðar að verið sé að ræða skýringar hans á Völuspá er

nóg að vísa í blaðsíðutal, en annars er rétt að bæta við innan hornklofa [skýring á 19. erindi] í tilvísun.

(Gunnar Karlsson og fl., 1992, bls. 456).

(Faulkes, 1991, bls. 49).

(Einar Ól. Sveinsson, 1954, bls. 67).

Í heimildaskrá:

Gísli Sigurðsson. (1998). Völuspá. Í Gísli Sigurðsson (útg.), *Eddukvæði*. Mál og menning.

Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason. (1992). Inngangur. Í Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason (útg.), *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins* (bls. ix–xxxiii). Mál og menning.

Faulkes, A. (1991). Explanatory Notes. Í Snorri Sturluson *Edda: Háttatal* (bls. 48–74, Anthony Faulkes gaf út). Clarendon press.

Ath. að hér kemur útgefandi innan sviga fyrir aftan titil vegna þess að um er að ræða inngangskafla í höfundarverki með útgefanda.

Einar Ól. Sveinsson. (1954). Formáli. Í Einar Ól. Sveinsson (útg.), *Brennu-Njáls saga* (v–clxiii). (Íslenzk fornrit 12). Hið íslenska fornritafélag.

***Ef einungis er verið að nota fornritin sem frumheimildir, þ.e. vitna efnislega í texta þeirra er vísað í þau sem höfundalausar bókmenntir (nema Snorra sem höfund þar sem við á). Gætið þess að ef bæði er vísað í texta ritsins sem frumheimildar og í umfjöllun útgefanda/ ritstjóra eða annarra aðila um efnið, koma tvær færslur í heimildaskrá, ein fyrir hvora tilvísun:**

Tilvísun:

(*Titill/ titill, ár, bls.*) eða (höfundur, ár, bls.).

Dæmi:

(Völuspá, 1998, bls. 15).

(*Grágás*, 1992, bls. 19).

(Snorri Sturluson, 1991, bls. 33).

(Snorri Sturluson, 1911, bls. 31).

(*Brennu-Njáls saga*, 1954, bls. 46).

(Droplaugasona saga, 1950, bls. 170).

Í heimildaskrá:

Völuspá. (1998). Í Gísli Sigurðsson (útg.), *Eddukvæði*. Mál og menning.

Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins. (1992). Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Mál og menning.

Snorri Sturluson. (1991). *Edda: Háttatal* (Anthony Faulkes gaf út). Clarendon press.

Snorri Sturluson. (1911). *Heimskringla: Nóregskonunga sögur* (Finnur Jónsson gaf út). G. forlag.

Brennu-Njáls saga. (1954). Einar Ól. Sveinsson gaf út. (Íslensk fornrit 12). Hið íslenska fornritafélag.

Þar sem um er að ræða margar sögur/ þætti í einni og sömu bókinni:

Droplaugarsona saga. (1950). Í Jón Jóhannesson (útg.), *Austfirðinga sögur* (bls. 138–180). (Íslensk fornrit 11). Hið íslenska fornritafélag.

***Formálar annarra og stakir kaflar í þjóðsagnasöfnum og öðrum ritum með einn skráðan höfund (algengt í bókum sem gefnar eru út eftir lát höfunda – ath. eins og í fornritatextum):**

Tilvísun:

(Eiríkur Eiríksson, 1993, bls. 255).

Í heimildaskrá:

Höfundur formála/greinakafla. (Ártal). Titill kafla. Í höfundur bókar, *Titill bókar* (bindi ef við á, blaðsíðutal kafla, útgáfa ef við á, þýðandi/ útgefandi ef við á).
Útgáfufyrirtæki.

Dæmi:

Eiríkur Eiríksson. (1993). Mannanöfn, drauga og vætta. Í Sigfús Sigfússon, *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* (11. bindi, bls. 235–267, 2. útgáfa, Óskar Halldórsson bjó til prentunar). Þjóðsaga.

***Þjóðsagnasöfn:**

Tilvísun:

Þjóðsagnasafnari er skráður sem höfundur, en annars eins og önnur rit. Ef notuð eru fleiri en eitt bindi þarf að setja bindisnúmer í tilvísun. Ef hins vegar er aðeins vitnað í eitt bindi í skrifum kemur útgáfuár þess bindis á eftir höfundi í tilvísun og heimildaskrá og má þá sleppa bindinu í tilvísun. Í heimildaskrá kemur þá t.d. 1. bindi í sviga eftir titli.

Dæmi:

(Jón Árnason, 1954–1961, I:bls. 35).

Í heimildaskrá:

Safnari/ höfundur. (Útgáfuár). *Titill: Undirtitill bindi* (útgáfa, þýðendur-ef þarf) og útgefendur. Útgáfufyrirtæki.

Jón Árnason. (1954–1960). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I-VI* (ný útgáfa). Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Þjóðsaga.

Ef aðeins er notað eitt bindi, dæmi:

Jón Árnason. (1954). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I* (ný útgáfa). Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Þjóðsaga.

***Handrit:**

Vísað er til handrita eftir safnmarki þeirra og númerum.

Tilvísun: (Skammstöfun handrits og númer)

Dæmi:

(AM 382 4to)
(Lbs 42 fol.).
(ÞÍ AA/1-1-1).

Í heimildaskrá: (Oft í sér kafla kenndum við vistunarstofnun (AM þýðir t.d. stofnun Árna Magnússonar en Lbs Landsbókasafn og ÞÍ er þjóðskjalasafn)

[Varðveislusafn]. (e.d.). [skjalamyndari (þ.e. safnið innan varðveislusafnsins sem heimildin kemur úr)], [skjalamark/safnmark og arkar ef við á]. [heiti bókar/efnis], [tímabil eða bls. númer]. [örugg vefslóð ef handritið er til á rafrænum aðgangi].

Ath, að þessar upplýsingar má finna þegar rétt er unnið með og leitað á t.d. manntal.is (þar færumst við t.d. á skjalaskrar.skjalasafn.is sem geymir örugga hlekkinn), handrit.is o.s.fr. Hafið þó í huga að stundum eru ekki allar upplýsingarnar skráðar og þá eru skráð öll þau atriði sem möguleg eru, öðru sleppt. Það skiptir miklu máli að hafa með í heimildaskráningunni örugga vefslóð á heimildina.

Dæmi:

Landsbókasafn-Háskólabókasafn. (e.d.). Handritasafn. Lbs 42 fol., Ættartölur og ævisögur, 1660. <https://handrit.is/manuscript/view/is/Lbs02-0042>

Þjóðskjalasafn Íslands. (e.d.). Commissionen for det statistiske tabelværk 1904. AA/1-1-1. Manntalið 1835 Skaftafellssýsla- Rangárvallasýsla. <http://skjalaskrar.skjalasafn.is/r/NjQxMDI0>.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (e.d.). Safn Árna Magnússonar, AM 382 4to. Handrit, Kvæði um Þorlák helga, ca 1340-1360. <https://handrit.is/manuscript/view/is/AM04-0382>. [handrit/bréf o.s.fr].

***Hljóðrituð viðtöl:**

Munnlegar heimildir geta verið bæði fjölbreyttar og ólíkar, allt frá óformlegu samtali í langt viðtal. Mjög mismunandi er hvernig vitnað er til þeirra og skapast það að miklu leyti af rannsókninni sem unnið er að og umræðu og upplýsingum sem fram koma um heimildirnar í meginmáli. Oftast eru þessar heimildir hafðar í sérkafla í heimildaskrá og viðtölin tölusett.

Tilvísun:

(Númer viðtals/ eða upphafsstafir eiganda, ártal).

Dæmi:

(KBS 1, 2006).

Í heimildaskrá:

Númer viðtals/ upphafsstafir eiganda. (Ártal). (Heiti viðtals/ útskýring/ viðfang og dagsetning. Staðsetning heimildar.

Dæmi:

KBS 1. (2006). Viðtal Kristjáns Birgis Sigurðssonar við Hlökkver Árnason 10. október. Í vörslu höfundar.

Ef viðmælendur koma ekki fram undir nafni:

KBS 1. (2006). Viðtal Kristjáns Birgis Sigurðssonar við viðmælanda 1 [eða gervinafn eða hver sú leið sem farin er til að fela viðmælendur] 10. október. Í vörslu höfundar.

***Spurningaskrár af Þjóðminjasafni:**

Tilvísun:

Skammstöfun Þjóðháttaafns Þjóðminjasafnsins (ÞÞ) og númer svars.

Dæmi: (ÞÞ 3017).

Í heimildskrá undir vefheimildir (í stafrófsröð)

Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðháttaafn. (1960). Þjóðhættir. Í Spurningaskrá [númer skrár. Heiti skrár]. (ÞÞXXXX [númer svaranna sem notuð eru]. [öruggur hlekkur inn á sarp].

Dæmi:

Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðháttaafn. (1975). Þjóðhættir. Í Spurningaskrá 32.

Veður og veðurspá. (ÞÞ 3817, ÞÞ 3824, ÞÞ 3856).

<https://sarpur.is/Spurningaskra.aspx?ID=531355>.

***Segulbönd á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:**

Tilvísun:

Venjulega nóg að segja (SÁM 89/739) þar sem nafn heimildamanns eða þær upplýsingar um viðkomandi sem máli skipta (kona fædd xx ár, eða maður fæddur undir lok 19. aldar ...) koma venjulega fram í umræðunni.

Heimildaskrá:

Stofnunin er höfundarréttaraðili viðtalanna, SÁM þýðir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Algengast er að þær séu settar í sér kafla í heimildaskrá, þ.e.:

[Varðveislusafn]. (e.d.). [skjalamyndari (safnið innan varðveislusafnsins sem heimildin kemur úr)], [skjalamark/safnmark og arkar ef við á]. [heiti bókar/efnis], [tímabil eða bls. númer]. [örugg vefslóð ef handritið er til á rafrænum aðgangi].

Dæmi:

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (e.d.). Segulbandasafn Stofnunar Árna Magnússonar, SÁM 86/756 EF, 22. ágúst 1981.

<https://www.ismus.is/tjodfraedi/hljodrit/1027238>.

***Óformleg munnleg samtöl og önnur persónuleg samskipti:**

Þegar notaðar eru heimildir sem ekki eru endurheimtanlegar, þ.e. aðrir hafa ekki aðgang að, svo sem óformleg munnleg samtöl, símtöl og tölvupóstur er þeirra getið í meginmáli, og þá höfð tilvísun þar sem lýsir heimild, en hennar síðan ekki getið í heimildaskrá.

Tilvísun:

(Nafn viðkomandi, eðli heimildar, dagur og ártal).

Dæmi:

(Árni Einarsson, munnleg heimild, 30. nóv. 2013).

Athugið að: af Klintenberg, von Sydow og de Certeau eru skráðir með forskeyti nafna sinna í tilvísun og heimildaskrá. Hinsvegar hafa forskeytin (þekkjanleg vegna þess að þau eru skrifuð með litlum staf en ekki stórum) ekki áhrif á röðun í heimildaskrá, þ.e. af Klintberg er hafður undir K í heimildaskrá, von Sydow undir S og de Certeau undir C.

Dæmi:

af Klintberg, Bengt. (1981). Modern Migratory Legends in Oral Tradition and Daily Papers. *Arv*, 37, 154–161.